

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Förch Tonnatak Hraðlím K185		
Vörunúmer:	349 6410 4107	5 g	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Sýanóakrýlatlím.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	AB Varahlutir ehf.	Framleiðandi:	Theo Förch GmbH
	Funahöfða 9		D-74196 Neuenstadt
	110 Reykjavík		Þýskalandi
Sími:	567 6020		00-49-7139/95-0
Netfang:	ab@ab.is		info@foerch.de
Veffang:	www.ab.is		www.foerch.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
EUH202	Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P280	Notið hlífðarhanska/augnhlífir/andlitshlífir.
P302+P352	BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Etýl-2-sýanóakrýlat

2.3 **Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Etýl-2-sýanóakrýlat			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	80 - 100
Raðnúmer	607-236-00-9	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	230-391-5	H-setningar	-
CAS	7085-85-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, SEM-VES 3 - H335			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Beitið alls ekki afli við að losa sundur límdu húð.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Leitið strax lækni.
Inntaka Skolið munn vandlega með vatni. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Einkenni: Erting og næming í öndunarvegi, hósti, andnauð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nitroxíð, eitruð niðurbrotsefni. Hugsanlega getur myndast snefilmagn af vetnissýaníði (blásýru).

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni. Hörðnuðu efni má moka upp með handverkfærum.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Umgangist vöruna og umbúðir af varúð. Loftraki á vinnusvæði ætti að vera amk 50-60%. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Forðist hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda. Verndið vöruna gegn raka.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Etýl-2-sýanóakrýlat	2	9			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

Etýl-2-sýanóakrýlat					
Notkunar svið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma staðbundið	DNEL	9,25	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	9,25	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma staðbundið	DNEL	9,25	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	9,25	mg/m ³

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrilgúmmíi.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnu gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófataðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með siugerð B (EN14387).

Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Stingandi
Litur:	Litlaus
Blossamark:	>80°C
Eðlismassi við 20°C:	1,06 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt - hvarfast við vatn
Seigja (20°C):	70-120 mPas
Oxandi eiginleikar:	Nei
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Fjölliðun er hugsanleg.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, beint sólarljós.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Hvarfast kröftuglega við basa, sýrur, oxara, amín og alkóhól.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.
Hugsanlega getur myndast snefilmagn af vetnissýaníði (blásýru).

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Etýl-2-sýanákrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína	OECD 402
Húðæting/erting		Ertandi		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		kanína	OECD 405
Helstu einkenni	Öndunarerfiðleikar, hósti, erting í slímhúðum, augnrennsli				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrif:

Tonnatak Hraðlím 5g K185					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað	Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)				
Annað	DOC 80% (28d)				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

Óhreinir umbúðir

Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

Varúðarmerking

ADR:

UN Númer 3334
Efnisheiti v. flutninga: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IMDG:

UN Númer 3334
Efnisheiti v. flutninga: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IATA:

UN Númer 3334
Efnisheiti v. flutninga: AVIATION REGULATED LIQUID, N.O.S. (CYANOACRYLATE ESTER)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.
VOC (2010/75 EB): 0%

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa/Dags: 2/12.02.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

THEO FÖRCH GMBH & CO
SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II
6410 4108 FÖRCH CA SUPERGLUE K186

Útgáfa:

22.02.2019 Útgáfa 0006